

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 125/213
komudagur 24. 11. 1999

Reykjavík, 24. nóvember 1999
Tilv.: 003-101 JGO/ev

Efni: frumvarp til laga um almenn hegningarlög (89. mál, umhverfisbrot).

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um almenn hegningarlög, 89. mál, umhverfisbrot. Tilgangur þessa frumvarps skv. greinargerð með því er “að auka varnaðaráhrif refsíákvæða í lögum til verndar umhverfi með því að leggja refsingu við alvarlegustu umhverfisbrotum í almennum hegningarlögum”.

Samkvæmt frumvarpinu munu hegningarlögin ná til allrar mengunar og úrgangslösu (sbr. 1. gr., lið 1 og 2, og upptalningu í greinargerðinni á ákvæðum annarra laga sem lýsa umhverfisbrotum). Jafnframt munu hegningarlögin ná til verulegs jarðrasks sem veldur því að landið breyti varanlega um svip eða spilli merkurum (?) náttúruminum. Þetta ákvæði er það eina sem tekur til almennrar náttúruverndar og er mun þrengra en samsvarandi ákvæði í náttúruverndarlögum.

Eftirtektavert er að ekki er minnst á önnur lög á sviði umhverfismála, svo sem lög um villta fugla og villt spendýr (nr. 64/1994), lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (nr. 60/1992), lög um vernd Breiðafjarðar (nr. 54/1995) eða lög um sinu-brennur (nr. 61/1992). Eru þó brot á flestum þessara laga tíð og refsingar litlar sem engar.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur áherslu á að frumvarpinu verði breytt þannig að það taki til umhverfismála í heild sinni, en ekki aðeins til mála er lúti að mengun, úrgangslösu og jarðraski á “merkum” (?) náttúruverndarsvæðum.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

